

Åmtanke

Peysan er prjónuð úr Vams frá Rauma Garn með prjónum nr. 6. En þú getur vel notað annað garn með samsvarandi prjónfestu. Með þykkum prjónum gengur það frekar hratt að prjóna peysuna, og flestir ættu að geta ráðið við verkefnið. Þú gætir kannski gefið fullunna peysuna til vinar – eða ókunnugs vinar – sem þarf smá auka yl. Åmtanke snýst líka um að taka alla með, svo prjónadu gjarnan eina handa þér líka. Eigin-Åmtanke..



HÖNNUN: Remi Tasc Moen

MYNDIR: Ingvild Tafjord

TEIKNING OG UMBROT: Nina

STÆRÐIR: S (M) L (XL) XXL

MÁL FLÍKAR

- Brjóstvídd, konur og karlar: 93 (100) 110 (120) 129 cm
- Lengd bols, konur: 41 (42) 43 (44) 45 cm
- Ermalengd, konur: 47 (48) 49 (50) 51 cm
- Lengd bols, karlar: 43 (44) 45 (46) 47 cm
- Ermalengd, karlar: 50 (51) 52 (53) 54 cm

Svo finnur þú rétta stærð:

1. Mældu prjónaða flík sem passar þér vel.
 2. Berðu mælingarnar saman við lýsinguna.
 3. Veldu stærð út frá brjóstvídd bolsins.
 4. Lengd bols og erma má aðlaga eftir þörfum.
-

GARN OG GARNMAGN

Garnmagn fyrir XL karla:

- 450 g aðallit
- 200 g aukalit
- 50 g andstæðulit

PRJÓNATILLÖGUR

- Stór hringprjónn og sokkaprjónar nr. 4½ og 6

PRJÓNFESTA

- 15 lykkjur sléttprjón á prjóni nr. 6 = 10 cm

ATHUGIÐ! Athugaðu prjónfestu með því að prjóna profubút. Teldu lykkjur á 10 cm:

– Ef þú ert með fleiri lykkjur en gefið er upp, skiptu í grófari prjóna.

– Ef þú ert með færri lykkjur en gefið er upp, skiptu í finni prjóna.

Rétt prjónfesta er nauðsynleg til að útkoman verði rétt.

BOLUR

Leggðu upp 140 (150) 166 (180) 194 lykkjur í aðallit á prjóni 4½. Prjónaðu 7 cm teygju *1 snúin rétt, 1 brugðin*, endurtaktu út umferðirnar. Skiptu í prjón nr. 6 og prjónaðu restina slétt. Settu merki við upphaf umferðar. Haltu áfram samkvæmt mynstur A.

Bolin á að mæla frá ermagötum og niður 43 (44) 45 (46) 47 cm fyrir karla og 41 (42) 43 (44) 45 cm fyrir konur. Ljúktu fyrir eða lengdu með röndum samkvæmt mynstri til að laga lengdina. Settu 7 (9) 10 (11) 12 lykkjur í hvorri hlið á lykkjuhaldara fyrir ermagöt. Eftir standa 126 (132) 145 (158) 170 lykkjur. Leggðu til hliðar og prjónaðu ermar.

ERMAR

Leggðu upp 38 (40) 42 (44) 46 lykkjur í aðallit á sokkaprjóna eða með magic loop, prjónar nr. 4½. Prjónaðu 7 cm teygju *1 snúin rétt, 1 brugðin*, endurtaktu. Skiptu í prjón nr. 6 og prjónaðu slétt. Aukið 2 (4) 4 (6) 6 lykkjur jafnt dreift á fyrstu umferð, þannig að lykkjufjöldi verði 40 (44) 46 (50) 52. Settu merki við miðlykkjuna neðan á erminni (= síðasta lykkja í umferð). Haltu áfram samkvæmt mynstri B og aukið 1 lykkju hvoru megin við merkið á 8. hverri umferð þar til þú hefur 58 (60) 62 (66) 68 lykkjur.

Prjónaðu þar til ermin mælist 50 (51) 52 (53) 54 cm fyrir karla og 47 (48) 49 (50) 51 cm fyrir konur. Settu 7 (9) 10 (11) 12 lykkjur neðan á erminni (= 3 (5) 5 (5) 6 lykkjur í upphafi og 4 (4) 5 (6) 6 lykkjur í lok umferðar) á lykkjuhaldara. Ljúktu fyrir eða lengdu með röndum til að laga lengdina. Prjónaðu aðra ermina eins.

OK MEÐ HRINGMINNKUN

Prjónaðu ermar saman við bol á hringprjón = 228 (234) 249 (268) 282 lykkjur. Settu merki við fyrstu tengingu sem sýnir upphaf umferðar. Restin er prjónuð í aðallit. Prjónaðu 14 umferðir fyrir S (M) L eða 16 umferðir fyrir (XL) XXL.

Minnkunarumferð: 4 rétt, 2 saman rétt, endurtaktu. Lykkjufjöldi: 190 (195) 208 (224) 235.

Prjónaðu 6 umferðir S (M) eða 7 umferðir L (XL) XXL.

Minnkunarumferð: 3 rétt, 2 saman rétt, endurtaktu. Lykkjufjöldi: 152 (156) 167 (180) 188.

Prjónaðu 8 umferðir S eða 9 umferðir (M) L (XL) XXL.

Minnkunarumferð: 2 rétt, 2 saman rétt, endurtaktu. Lykkjufjöldi: 114 (117) 126 (136) 141.

Prjónaðu 4 umferðir áður en næsta minnkun kemur.

Minnkunarumferð: 2 rétt, 2 saman rétt, endurtaktu. Lykkjufjöldi: 86 (88) 95 (102) 106.

Prjónaðu 5 umferðir. Á 5. umferð minnkaðu lykkjufjölda um 6 (8) 11 (14) 14 lykkjur jafnt dreift = 80 (80) 84 (88) 92 lykkjur.

HÁLSKANTUR

Prjónaðu 20 cm teygju með prjónum nr. 4½: 2 snúnar réttar, 2 brugðnar, endurtaktu. Fellið laust af með rétt og brugðið.

SAMSETNING


Festið alla lausa enda. Saumið eða prjónið saman undir ermun.

www.tascideas.com

Instagram: @amtanke.2019

www.facebook.com/Aamtanke

A



B

